

NÝJA AGFAFILMAN

ÓTRÚLEGA SKÖRP
OG NÆM FYRIR LITUM



ÓDÝRARI FILMA SEM
FÆST ALLS STAÐAR

86611

RITSTJÓRN
SÍÐUMÚLA 12-14

AUGLÝSINGAR
SÍÐUMÚLA 33
SMÁAUGLÝSINGAR
SKRIFSTOFA
ÞVERHOLT 11

27022

DV

Frjálst, óháð dagblað

ÞRIÐJUDAGUR 31. ÁGÚST 1982.



Borðskreyting framreiðslumanna-
anna Sólrúnar Árnadóttur og Sturlu
Péturssonar hlaut fyrstu verðlaun í
Bing & Grøndahl keppinni.
DV-mynd Einar Ólason

**Bing & Grøndahl
sýningin:**

**Hátt í þrjátíu
þúsund gestir litu
á postulínið**

Bing & Grøndahl sýningunni á Kjar-
valsstöðum lauk í gærkvöldi. Talið er
að á milli 25 og 30 þúsund manns hafi
séð sýninguna en hún stóð aðeins í
fimm daga. Þegar aðsóknin var mest
að sýningunni þurfti að loka húsinu og
hleypa takmörkuðum fjölda sýningar-
gesta inn í einu. Að sögn þeirra er
stóðu að undirbúningi sýningarinnar
fór hún í alla staði vel fram.

Einn liður sýningarinnar var borð-
skreytingakeppni. Sýningargestir
greiddu atkvæði um fegurstu borð-
skreytinguna en ætlunin var að endan-
leg úrslit yrðu í höndum dómnefndar
frá Bing & Grøndahl. Dómnefndin gat
ekki gert upp á milli borðanna og því
voru atkvæði gesta látin ráða úrslitum.
Félag framreiðslumanna varð í fyrsta
sæti, en þeir skreyttu borð með stöllu
Ballerina. Kvinnadeild Reykjavíkur-
deildar Rauða krossins varð í öðru sæti
með skreytingu á Offenbach stöllu en
Timaritíð Gestgjafinn í þriðja sæti
með stellið Mexico. -SKJ

**Bókagerðarmenn
segja upp nýgerð-
um kjarasamningum**

Félag bókagerðarmanna hefur sagt
upp kaupliðum nýgerðs kjarasam-
nings. Miðast uppsögnin við 1.
október nk.

Ástæða uppsagnarinnar er bráða-
birgðalög ríkisstjórnarinnar „sem
gera kaupliði síðasta kjarasamnings á
milli verkalyðshreyfingarinnar og
atvinnurekenda að markleysu,” segir í
tilkynningu frá félaginu. -GSG.



LOKI

Loksins var Sprengju-
frétt í Þjóðviljanum

Manville-fyrirtækið gjaldþrota:

Ríkið gæti keypt hlut þess í Kísiliðjunni

— segir Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra

Stjórn fyrirtækisins Manville
Corporation hefur óskað eftir því að
fyrirtækið verði úrskurðað gjald-
þrota. Dótturfyrirtæki Manville á
sem kunnugt er 39% hlutabréfa Kísil-
iðjunnar við Mývatn og sölufélag af-
urðanna að öllu leyti.

Ástæða þess að fyrirtækið óskar
eftir gjaldþrotaskiptum er að
þúsundir verkamanna hafa stefnt
fyrirtækinu á undanförunum árum
vegna skaða sem þeir hafa orðið
fyrir vegna vinnu við asbest á vegum
fyrirtækisins. Stjórn fyrirtækisins
álitir að það verði að greiða svo háar

skaðabætur að við það verði ekki
ráðið. Alls hafa 16.500 mál af þessu
tagi verið höfðuð á hendur fyrir-
tækinu en stjórn þess álitir að þeim
muni fjölga á næstunni.

Rekstur fyrirtækisins hefur gengið
vel að undanförunum og því kemur
þessi ákvörðun nokkuð á óvart. Óvíst
er með öllu hvaða áhrif gjaldþrota-
skiptin hafa á rekstur Kísiliðjunnar
við Mývatn, en hugsanlegt er að
skiptarétturinn ákveði að selja hluti
Manville International — dóttur-
fyrirtækis Manville Corporation, í
Kísiliðjunni.

Hjörleifur Guttormsson iðnaðar-
ráðherra sagði um þetta mál að hann
gæti illa lagt mat á þetta því í raun
hefði ráðuneytið ekki fengið aðrar
upplýsingar en þær sem finna mætti í
dagblöðunum. Hann benti hins vegar
á að síðastliðinn vetur hefði Manville
ekki treyst sér til að standa að hluta-
fjárukningu í fyrirtækinu. Íslenska ríkið hefði með lögum frá
Alþingi aukði hlut sinn í fyrirtækinu
um 10%. „Þetta sýnir, út af fyrir sig,
að stjórnvöld eru tilbúin að taka á sig
meiri hlut.” Hjörleifur var spurður
að því hvort íslenska ríkið myndi

kaupa hlut Manville International í
Kísiliðjunni ef skiptarétturinn
ákvæði að selja hann. Iðnaðarráð-
herra sagði: „Þetta er náttúrulega
ekki stærra fyrirtæki en svo að við
hljótum að geta vel ráðið við það.”

Hann sagði að markaðspátturinn
hefði verið í höndum Manville og
hann sagðist ekki geta sagt hvert
horfið í þeim efnum. „Þetta er mál
sem við verðum að meta í ljósi þess
sem upp kemur,” sagði ráðherra að
lokum.

-ás.



Nú eru göngur og réttir í þann veginn að hefjast, í sumum sveitum viku fyrir en venjan hefur verið. Á
sunnudaginn voru „forréttir“ í Auðkúlurétt og þar var meðfylgjandi mynd tekin.

DV-mynd GS/Akureyri.

Tvö verkalyðsfélög hafa boðað verkföll

— matsveinar sömdu í gær

Tvö verkalyðsfélög hafa boðað
verkföll í næstu viku. Flugfreyjufé-
lag Íslands hefur boðað verkföll frá
og með miðnætti aðfaranótt þriðju-
dagsins 7. september og Iðnaðar-
mannafélag Rangæinga hefur boðað
verkföll frá 8. september fyrir hönd
starfsmanna sinna á Tungnaársvæ-
ðinu.

Í samningaviðræðum flugfreyja og

flugfélaganna hefur náðst samkomu-
lag um öll atriði nema ráðningar.
Flugfreyjur gera kröfu til að ráðn-
ingar fari eftir starfsaldri og vilja
ekki una því að flugfreyjur sem
misstu starf sitt hjá Flugleiðum
vegna samdráttar hjá fyrirtækinu,
en hafa síðan starfað þar lausráðnar
á sumrum, njóti ekki forgangs við
fastráðningar. Engir fundir hafa enn

verið boðaðir hjá sáttasemjara í
þessari deilu.

Samningur milli matsveina á far-
skipum og viðsejenda þeirra var
undirritaður hjá ríkissáttasemjara
síðdegis í gær. Hann er í öllum me-
gindráttum í sama anda og samningur
við yfirmenn á farskipum sem
undirritaður var fyrir í mánuðinum.


ÓEF

Kom æðandi með fosfór- hylki

Lögreglan í Reykjavík var kvödd
á ritstjórnarskrifstofur Þjóðviljans
um þrjúleytið í gær. Hafði maður
fundir torkennilegt hylki í fjörunni
vestur á Seltjarnarnesi. Í stað þess
að láta yfirvöld vita um fundinn
greip hann til þess ráðs að fara með
hylkið á ritstjórnarskrifstofur
Þjóðviljans. Hélt hann sig hafa
fundir fosfórsprengru. Ekki reyndist
þetta þó vera sprengja, heldur var
um fosfórhylki að ræða.

Sprengjusérfræðingur lög-
reglunnar, Rudolph Axelsson, fjar-
lægði hylkið og er það nú til rann-
sóknar. Ekki er vitað hvort það er
hættulegt.

-JGH.



Lögregla og blaðamenn Þjóðviljans
mæna á fosfórhylkið fyrir utan
Þjóðviljahúsið í gær.

DV-mynd S.

Enginn lækur fyrir en eftir hálfan mánuð

Aðdáendur heita lækjarins í Naut-
hólsvík verða enn að sýna biðlund.
Heitt vatn fer ekki að renna í hann
fyrir en um miðjan september í
fyrsta lagi.

Framkvæmdir Hitaveitu Reykja-
víkur hafa dregist á langinn. Því
mun það dragast að heitt yfirfalls-
vatn verði látið renna um hinn
vinsæla en óvenjulega baðstað.

-KMU.